

Mál nr. 178/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar

Skemmdir á bifreið, ágreiningur um réttarstöðu

Gögn.

1. Málskot móttekið 30.08. 2002.
2. Bréf lögmans M til vátryggingafélagsins, dags. 18.12. 2001.
3. Annáll tjónsins.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.09. 2002, ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, minnispunktum lögmans félagsins, bréfi vátryggðu með lýsingu á atvikum og bréfi lögmans vátryggðu með röksemdum hans um bótaábyrgð félagsins.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 44/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M var farþegi í bifreið vinkonu sinnar á leið í saumaklúbb þann 06.11. 2001. M beið í bifreiðinni á meðan ökumaður fór inn í hús. M varð kalt og ætlaði að kveikja á miðstöð bifreiðarinnar og startaði því bifreiðinni úr farþegasætinu. M athugaði ekki að bifreiðin var í gír og við startið kastaðist bifreiðin á steinvegg og skemmdist.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna skemmda á bifreiðinni með tilvísun til ákvæðis skilmála sem kveður á um það að vátryggingin bætir ekki skaðabótakröfu sem fellur á vátryggðan sem eigendur eða notendur vélknúinna farartækja.

M telur að umrætt ákvæði eigi ekki við og að viðurkenna skuli bótaábyrgð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir telur nefndin að hér sé um undanskilda áhættu að ræða. Tjónsatburð máls þessa má rekja til notkunar bifreiðarinnar í skilningi vátryggingaskilmála m.ö.o. M olli skemmdum á bifreiðinni sem notandi vélknúins farartækis. Bótaábyrgð er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingu vegna skemmda á umræddri bifreið er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. október 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.